

Fundargerð
146. fundar
Heilbrigðisnefndar Austurlands

146. / 2. fundur Heilbrigðisnefndar Austurlands
Símafundur 24. janúar 2019 kl 08:30

Heilbrigðisnefndarmenn:

Jón Björn Hákonarson
Gunnhildur Imsland
Kristín Ágústsdóttir

Davíð Þór Sigurðarson
Benedikt Jóhannsson
Lovísa Rósa Bjarnadóttir

Dagskrá:

1. Starfsmannamál..... 868

1. Starfsmannamál

Framhald af 145.fundi

Helga Hreinsdóttir framkvæmdastjóri hefur sagt starfi sínu lausu. Helga hefur undanfarið ár verið í leyfi frá starfi framkvæmdastjóra og starfað sem heilbrigðisfulltrúi í 80% starfi. Helga hefur jafnframt óskað eftir áframhaldandi starfi sem í heilbrigðisfulltrúi sama starfshlutfalli

Heilbrigðisnefnd samþykkir að framlengja ráðningarsamning Helgu í starf heilbrigðisfulltrúa í 80% frá og með 1. febrúar nk. og um leið vill nefndin færa Helgu kærar þakkir fyrir áratuga starf og samstarf á vegum nefndarinnar og fagnar því að fá áfram að njóta starfskrafta hennar og reynslu í þágu heilbrigðiseftirlits á Austurlandi. Jafnframt ræddi nefndin ráðningu framkvæmdastjóra í stað Helgu Hreinsdóttur en Leifur Þorkelsson heilbrigðisfulltrúi hefur verið hennar staðgengill síðustu ár og framkvæmdastjóri nú síðasta ár í leyfi Helgu. Með vísan til 49.gr.laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem fjallað er um ráðningu heilbrigðisfulltrúa og framkvæmdastjóra samþykkir nefndin að ráða Leif Þorkelsson sem framkvæmdastjóra HAUST frá og með 1.febrúar nk. og jafnframt að Lára Guðmundsdóttir verði staðgengill hans eins og verið hefur síðastliðið ár.

Fundi slitið kl:09:00

Fundargerðin færð í tölvu og send fundarmönnum í tölvupósti til staðfestingar. Fundargerðin verður undirrituð á næsta snertifundi.

Jón Björn Hákonarson

Davíð Þór Sigurðarson

Gunnhildur Imsland

Lovísa Rósa Bjarnadóttir

Benedikt Jóhannsson

Aðalheiður Borgþórsdóttir

Kristín Ágústsdóttir